



Gögn varðandi Austurgilsvirkjun senda aftur
TSL til: stefan, herdis.schopka
Cc: krp, ats

24.04.2016 22:25

Til verkefnisstjórnar 3. áfanga verndar og orkunýtingaráætlunar.

Verkfræðistofan Verkís vill fyrir hönd virkjunaraðila Austurgilsvirkjunar leggja fram umsögn vegna draga að tillögu verkefnisstjórnar um flokkun virkjunarkosta, og óskar eftir að meðfylgjandi gögn um Austurgilsvirkjun séu lögð fram með umsögninni.

Í drögum að lokaskýrslu, verkefnisstjórnar 3. áfanga verndar- og orkunýtingar, sem lögð var fram 31. mars 2016, kemur fram að Austurgilsvirkjun hafi ekki komið til mats hjá faghópi 1 vegna þess að "gögn voru ófullnægjandi að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands og Minjastofnunar

Íslands". einnig segir "Afla þarf nýrra gagna um gróðurfar, jarðfræði, fuglalíf, vatnalíf og menningarminjar á svæðinu til að hægt sé að ljúka umfjöllun um virkjunarkostinn. Kannað verður hvort mögulegt sé að safna viðbótargönum og vinna úr þeim áður en verkefnisstjórn 3. áfanga skilar endanlegum tillögum sínum til ráðherra."

Verkfræðistofan Verkís sem á undanförnum árum hefur unnnið að könnun á virkjuninni og undirbúningi umhverfismats hennar, hefur aflað ýmissa gagna sem við teljum að notum gætu komið við flokkun á þessum kosti. Pannig er búið að kanna fuglalíf á svæðinu og fara nokkrar ferðir um svæðið vegna jarðfræðirannsókna. Þá vinnur Verkís jafnframt nú að mati á umhverfisáhrifum fyrir Hvalárvirkjun sem er í næsta nágrenni Austurgilsvirkjunar og líklegt er að athuganir sem gerðar voru vegna umhverfismatsins þar geti gefið vísbendingu um hvað líklegt sé að finna við Austurgilsvirkjun hvað varðar vatnalíf og gróðurfar.

Virkjunaðilar ásamt starfsmönnum Verkís áttu fund með Stefáni Gíslasyni formanni verkefnisstjórnar í sl. viku um stöðu þessara mála og varðandi öflun gagna og var hann jákvæður fyrir því að við sendum verkefnisstjórninni þau gögn sem við töldum okkur hafa og veitti jafnframt frest til föstudagsins 22 apríl. Landeigendur, sem standa að virkjanaundirbúning fengu auk þess fornleifafræðing til að fara um svæðið og skrá og kanna fornmunjar, og skilaði hann meðfylgjandi skýrslu um ferðina. Hér er hún ásamt öðrum gögnum send ykkur aftur með þessu formlega erindi að beiðni Herdísar Schopka.

Með von um að þetta stuðli að því að hægt verði að meta Austurgilsvirkjun eins og aðra vatnsaflskosti.

Kveðja

Þorbergur Steinn Leifsson Verkefnisstjóri

Arnór Þórir Sigfússson líffræðingur

Files attached to this message

Filename	Size	Ch
14106001-1-MB-0024-1gogn-Austurgil.pdf	1.23 MB	82d926aad2ff48b51

Yfirlitsmynd_af_austurgilsvirkjun.pdf	13.1 MB	335f23be7f8c2c6df
Gróður-Austurgilsvirkjun.pdf	3.52 MB	33fa580fa9e9b1b5e
14106001-1-MB-0023-minnisblað_jarðfræði.pdf	8.2 MB	88ac6b76047a478b8
Fornleifakönnun vegna Austurgilsvirkjunar í Skjalfannardal.pdf	1.67 MB	f0a16038ed636fc08